

**Nd.**

**732. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um áveitu á Flóann (þingskjal 715).

Frá landbúnaðarnefndinni.

Á frumvarpi þessu hefir verið gerð í háttv. efri deild *ein* viðaukabreyting. Breytingin er við 19. gr., og er á þá leið, að land, sem hlutaðeigendur kunna að æskja að láta af hendi upp í áveitukostnaðinn, að nokkru eða öllu leyti, »sje svo stórt og þannig lagað«, að á því megi reisa nýbýli.

Nefndin fellst á þessa breytingu, og ræður hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 30. ágúst 1917.

Stefán Stefánsson,  
formaður.

Sigurður Sigurðsson,  
framsögum.

Jón Jónsson.

Pjetur Þórðarson.

Einar Árnason.